

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/850****2022/EES/26/37****frá 30. maí 2018****um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs (\*)**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bæta ætti úrgangsstjórnun í Sambandinu með það fyrir augum að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins, vernda heilbrigði manna, tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð, hagkvæmni og skynsemi, stuðla að meginreglum hringrásarhagkerfisins, auka orkunýtni og draga úr því hversu háð Sambandið er innfluttum tilföngum.
- 2) Styrkja ætti markmiðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 1999/31/EB <sup>(4)</sup>, um að setja takmarkanir á urðun til að þau endurspegli betur metnað Sambandsins um að færa sig yfir í hringrásarhagkerfi og taka framförum við framkvæmd orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 4. nóvember 2008 „Framtaksverkefni á sviði hráefna: uppfyllum brýna þörf okkar fyrir vöxt og störf í Evrópu“ (*The raw materials initiative: meeting our critical needs for growth and jobs in Europe*) með því að draga jafnt og þétt úr urðun úrgangs, sem er ætlaður á urðunarstaði fyrir hættulausan úrgang, þar til hún verður í lágmarki. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu að tryggja að slík minnkun falli inn í samþætta stefnu sem tryggir tilhlýðilega beitingu úrgangsmetakerfisins, stuðlar að skiptum yfir í forvarmarstarf, þ.m.t. endurnotkun ásamt undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu, og að komið sé í veg fyrir að skipt sé úr urðun yfir í brennslu.
- 3) Til að tryggja betri samfellu í úrgangslögum Sambandsins ætti að laga skilgreiningarnar, sem settar eru fram í tilskipun 1999/31/EB, ef við á, að þeim sem eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB <sup>(5)</sup>.
- 4) Aðlaga þarf núverandi skilgreiningu á „afskekktu byggð“ að því er varðar ystu svæði til að taka til greina eiginleika slíkra byggða sem vekja verulega ólíkar áhyggjur frá umhverfislegu sjónarmiði í samanburði við önnur svæði.
- 5) Laga ætti gildissvið tilskipunar 1999/31/EB að gildissviði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB <sup>(6)</sup> og það ætti að halda áfram að taka til afsetningar úrgangs frá námuíðnaðinum sem fellur ekki undir tilskipun 2006/21/EB.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 150, 14.6.2018, bls. 100. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 264, 20.7.2016, bls. 98.

(2) Stj. 17, 18.1.2017, bls. 46.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

(4) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stj. 182, 16.7.1999, bls. 1).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stj. 312, 22.11.2008, bls. 3).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB (Stj. 102, 11.4.2006, bls. 15).

- 6) Skýr umhverfislegur, efnahagslegur og félagslegur ávinningur myndi hljóta af því að takmarka urðun enn frekar og byrja á úrgangsstraumum sem falla undir sérstaka söfnun, s.s. plast, málmar, gler, pappír og lífúrgangur. Taka ætti tillit til tæknilegrar, umhverfislegrar eða efnahagslegrar hagkvæmni endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar úrgangsefna, sem koma úr úrgangi sem er safnað sérstaklega, við innleiðingu þessara takmarkana á urðun.
- 7) Lífbrjótanlegur heimilis- og rekstrarúrgangur er stór hluti af heimilis- og rekstrarúrgangi. Urðun ómeðhöndlaðs lífbrjótanlegs úrgangs skapar umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda og mengunar yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og andrúmslofts. Þó að í tilskipun 1999/31/EB hafi þegar verið sett markmið um að beina lífbrjótanlegum úrgangi frá urðunarstöðum er rétt að koma á frekari takmörkunum um urðun lífbrjótanlegs úrgangs með því að banna urðun lífbrjótanlegs úrgangs sem hefur verið safnað sérstaklega til endurvinnslu í samræmi við tilskipun 2008/98/EB.
- 8) Til að tryggja rétta beitingu úrgangsmetakerfisins ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita takmörkunum, frá og með 2030, á urðun alls úrgangs sem hentar til endurvinnslu eða annarrar efnis- eða orkuendurnýtingar. Þessar takmarkanir ættu ekki að gilda þar sem hægt er að sýna fram á að úrgangurinn henti ekki til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar og að urðun skili bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið í samræmi við úrgangsmetakerfið sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB.
- 9) Mörg aðildarríki hafa enn ekki lokið við að þróa að fullu nauðsynleg grunnvirki úrgangsstjórnunar. Fastsetning markmiða um að draga úr urðun mun útheimta meiri háttar breytingar á úrgangsstjórnun í mörgum aðildarríkjum og stuðla að frekari framförum og fjárfestingum í sérstakri söfnun, flokkun og endurvinnslu úrgangs og komist verður hjá því að endurvinnanleg efni sitji föst á neðra þrepi úrgangsmetakerfisins.
- 10) Stigvaxandi minnkun urðunar er nauðsynleg til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið og til að tryggja að efnahagslega verðmæt úrgangsefni séu endurheimt jafnt og þétt og skilvirkt gegnum viðeigandi úrgangsstjórnun og í samræmi við úrgangsmetakerfið eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB. Við þá minnkun ætti að forðast að þróa getu stöðva til að meðhöndla úrgangsefni óhóflega mikið, s.s. með endurnýtingu orku eða einfaldri vélrænni-lífrænni meðhöndlun á ómeðhöndluðum heimilis- og rekstrarúrgangi, þar eð slíkt gæti orðið til þess að grafa undan því að ná langtíamarkmiðum Sambandsins um að undirbúa heimilis- og rekstrarúrgang til endurnotkunar og endurvinnslu eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB. Til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið ættu aðildarríkin um leið að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að einungis úrgangur, sem hefur farið í gegnum meðhöndlun, sé urðaður; fylgni við þessa skyldu ætti ekki að leiða til umframgetu við meðhöndlun heimilis- og rekstrarúrgangsefna. Til að tryggja samkvæmni milli þeirra markmiða sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB og markmiðanna um að draga úr urðun sem sett eru fram í tilskipun 1999/31/EB, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, og til að tryggja samræmda skipulagningu grunnvirkja og fjárfestinga sem þörf er á til að uppfylla þessi markmið ætti aðildarríkjum, sem urðuðu yfir 60% af heimilis- og rekstrarúrgangi sínum á árinu 2013 samkvæmt gögnum sem voru tilgreind í sameiginlegum spurningalista Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Hagstofu Evrópusambandsins, þar að auki að vera heimilt að ákveða að framlengja tímamót til að fara að markmiðunum um urðun sem voru fastsett fyrir 2035.
- 11) Til að tryggja áreiðanleika gagna er mikilvægt að mæla á nákvæmari hátt fyrir um þær reglur sem aðildarríkin eiga að fara eftir við að greina frá heimilis- og rekstrarúrgangi sem hefur verið urðaður. Skýrslugjöfin ætti að byggjast á því magni af heimilis- og rekstrarúrgangi sem er urðað eftir meðhöndlun til að undirbúa slíkan úrgang fyrir síðari urðun, s.s. stöðgun lífbrjótanlegs heimilis- og rekstrarúrgangs, og á magni úrgangs sem er fargað með brennslu. Að því er varðar heimilis- og rekstrarúrgang sem fer í meðhöndlun áður en úrgangurinn er endurunninn og endurnýttur, s.s. flokkun og vélræna meðhöndlun, ætti einnig að telja úrgang, sem kemur úr slíkri meðhöndlun og er að lokum urðaður, með við útreikning á markmiðum um urðun.
- 12) Þegar aðildarríkin koma skuldbindingunum til framkvæmda, sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/31/EB, til að tryggja meðhöndlun úrgangs áður en hann er urðaður ættu þau að beita þeirri meðhöndlun sem á best við, þ.m.t. að stöðga lífrænan hluta úrgangsins, til að draga eins og unnt er úr neikvæðum áhrifum af því að urða slíkan úrgang á umhverfið og heilbrigði manna. Þegar aðildarríkin meta hversu viðeigandi meðhöndlun er ættu þau að taka tillit til ráðstafana sem þegar hefur verið komið í framkvæmd til að draga úr þessum neikvæðu áhrifum, þ.e. aðskilnaði lífúrgangs og sérstakri söfnun pappírs og pappá.
- 13) Til að tryggja betri, tímanlegri og samræmdari framkvæmd þessarar tilskipunar og sjá fyrir hvers konar veikleika í framkvæmd ætti að koma á fót kerfi fyrir snemmvíðvörðunarskýrslur til að greina annmarka og gera það kleift að grípa til aðgerða áður en fresturinn til að uppfylla markmiðin rennur út.

- 14) Til að greiða fyrir því að markmið tilskipunar 1999/31/EB náist og til að ýta undir umskiptin yfir í hringrásarhagkerfi ætti framkvæmdastjórnin að stuðla að samræmingu og skiptum á upplýsingum og bestu starfsvenjum milli aðildarríkjanna og mismunandi greina atvinnulífsins.
- 15) Framkvæmdaskýrslur sem aðildarríki útbúa á þriggja ára fresti hafa ekki reynst skilvirkt verkfæri til að sannreyna reglufylgni eða tryggja góða framkvæmd og leiða til óparfa stjórnsluálags. Því er rétt að fella úr gildi ákvæði sem skylda aðildarríki til að gera slíkar skýrslur. Þess í stað ætti eingöngu að byggja samræmisefirlit á gögnunum sem aðildarríki gefa framkvæmdastjórninni árlega skýrslu um.
- 16) Gögn úr skýrslugjöf aðildarríkjanna eru nauðsynleg fyrir framkvæmdastjórnina til að meta reglufylgni aðildarríkjanna við lög Sambandsins um úrgang. Bæta ætti gæði, áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna með því að innleiða einn inngöngustað fyrir öll gögn um úrgang, fella brott úreltar skýrslugjafarkröfur, setja viðmiðanir um landsbundna aðferðafræði við skýrslugjöf og innleiða skýrslu um eftirlit með gæðum gagna. Áreiðanleg skýrslugjöf um gögn sem varða úrgangsstjórnun hefur mikla þýðingu fyrir skilvirka framkvæmd, haldgóða skipulagningu grunnvirkja til úrgangsméðhöndlunar og til að tryggja samanburðarhæfi gagna milli aðildarríkjanna. Þegar aðildarríkin gefa skýrslur um árangur sinn við að ná markmiðunum sem sett eru fram í tilskipun 1999/31/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ættu þau því að nota nýjustu reglurnar, sem framkvæmdastjórnin þróaði, og aðferðafræðina sem þróuð var af viðkomandi lögbærum landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 17) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd tilskipunar 1999/31/EB ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar 5. gr. a (4. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 15. gr. b og 15. gr. c í henni, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (7).
- 18) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta úrgangsstjórnun í Sambandinu og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins og að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 19) Því ætti að breyta tilskipun 1999/31/EB til samræmis við það.
- 20) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl<sup>(8)</sup> hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Breytingar

Tilskipun 1999/31/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Með það fyrir augum að styðja við umskipti Sambandsins yfir í hringrásarhagkerfi og uppfylla kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (\*), einkum 4. og 12. gr. hennar, er markmiðið með þessari tilskipun að tryggja sívaxandi minnkun úrgangsurðunar, einkum úrgang sem hentar til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar, og kveða á um, með því að setja strangar rekstrar- og tæknikröfur um úrgang og urðunarstaði, ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar til að koma í veg fyrir eða draga eins og framast er unnt úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og andrúmslofts, og á hnattrænt umhverfi, þ.m.t. gróðurhúsaáhrifin, sem og allri áhættu fyrir heilbrigði manna vegna urðunar úrgang allan vistferil urðunarstaðarins.

(7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

(8) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

(\*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) skilgreiningarnar: „úrgangur“, „hættulegur úrgangur“, „hættulaus úrgangur“, „heimilis- og rekstrarúrgangur“, „framleiðandi úrgangs“, „handhafi úrgangs“, „úrgangsstjórnun“, „sérstök söfnun“, „endurnýting“, „undirbúningur fyrir endurnotkun“, „endurvinnsla“ og „förgun“, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, skulu gilda.“

b) Ákvæði b-, c-, d- og n-liðar falla brott.

c) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í r-lið:

„Á ystu svæðum, í skilningi 349. gr. sáttmálans, er aðildarríkjunum heimilt að beita eftirfarandi skilgreiningum:

„afskekkt byggð“: landsvæði þar sem

— búa ekki fleiri en 2000 íbúar í hverri byggð og ekki fleiri en 5 íbúar á hvern ferkílómetra, eða fleiri en 2000 en færri en 5000 íbúar í hverri byggð og ekki fleiri en 5 íbúar á hvern ferkílómetra, og mynda ekki meira en 3000 tonn af úrgangi á ári og

— fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem búa a.m.k. 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 100 km og enginn aðgangur eftir vegum.“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Síðasti undirliður 2. mgr. fellur brott.

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stjórnun úrgangs frá námuíðnaði á landi, þ.e. úrgangs, sem fellur til við leit, nám, þ.m.t. á þróunarstigi áður en vinnsla hefst, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna svo og við starfrækslu grjótnáma, skal undanskilin gildissviði þessarar tilskipunar þegar hún fellur undir gildissvið annarra lagagerða Sambandsins.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein í 2. mgr. fellur brott:

„Tveimur árum fyrir þann dag, sem um getur í c-lið, skal ráðið endurmeta framangreint markmið á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um þá hagnýtu reynslu sem aðildarríkin hafa aflað sér í viðleitni sinni til að ná þeim markmiðum sem mælt var fyrir um í a- og b-lið, ásamt tillögu, ef við á, um staðfestingu eða breytingu á þessu markmiði til þess að tryggja víðtæka vernd umhverfisins.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við 3. mgr.:

„f) úrgangi sem hefur verið safnað sérstaklega til undirbúnings fyrir endurnotkun og endurvinnslu skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB og 22. gr. þeirrar tilskipunar, að undanskildum úrgangi, sem kemur úr síðari meðhöndlun úrgangsins, sem er safnað sérstaklega, sem urðun er besta umhverfislega niðurstaðan fyrir í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Aðildarríkin skulu leitast við að tryggja að frá og með 2030 verði ekki tekið á mótí neinum úrgangi, sem hentar til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar, einkum heimilis- og rekstrarúrgangi, á urðunarstað, að undanskildum úrgangi sem urðun er besta umhverfislega niðurstaðan fyrir í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Aðildarríkin skulu láta fylgja upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt þessari málsgrein í áætlunum um úrgangsstjórnun, sem um getur í 28. gr. tilskipunar 2008/98/EB, eða í öðrum áætlunarskjölum sem taka til alls yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eigi síðar en 2035 hafi magn heimilis- og rekstrarúrgangs sem er urðað minnkað niður í 10% eða minna af heildarmagni heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til (miðað við þyngd).

6. Aðildarríki er heimilt að framlengja frestinn til að ná markmiðinu sem um getur í 5. mgr. í allt að 5 ár að því tilskildu að viðkomandi aðildarríki:

a) hafi urðað yfir 60% af heimilis- og rekstrarúrgangi sínum sem féll til 2013, eins og tilgreint var í sameiginlegum spurningalista Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Hagstofu Evrópusambandsins, og

b) tilkynni framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að framlengja frestinn og leggi fram framkvæmdaáætlun, í samræmi við IV. viðauka við þessa tilskipun, eigi síðar en 24 mánuðum fyrir eindagann sem mælt er fyrir um í 5. mgr. þessarar greinar. Þessa áætlun má sameina við framkvæmdaáætlun sem lögð er fram skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

7. Innan þriggja mánaða frá viðtöku framkvæmdaáætlunar, sem lögð er fram skv. b-lið 6. mgr., getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit að aðildarríki endurskoði þá áætlun ef hún telur að áætlunin sé ekki í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka. Hlutaðeigandi aðildarríki skal leggja fram endurskoðaða áætlun innan þriggja mánaða frá viðtöku beiðninnar frá framkvæmdastjórninni.

8. Ef um er að ræða framlengingu á frestinum í samræmi við 6. mgr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir, eigi síðar en 2035, til að minnka magn heimilis- og rekstrarúrgangs sem er urðað niður í 25% eða minna af heildarmagni heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til (miðað við þyngd).

9. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin fara yfir markmiðið, sem mælt er fyrir um í 5. mgr., með það fyrir augum að viðhalda því eða, ef við á, minnka það, íhuga meginleg markmið fyrir urðun á hvern íbúa og innleiða takmarkanir á urðun hættulauss úrgangs, annars en heimilis- og rekstrarúrgangs. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.“

5) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„5. gr. a

#### **Reglur um útreikning á árangri við að ná markmiðum**

1. Í þeim tilgangi að reikna út hvort markmiðin, sem mælt er fyrir um í 5. og 6. mgr. 5. gr., hafi náðst:

a) skal reikna út þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til og er beint til urðunar á tilteknu almanaksári,

b) skal þyngd úrgangs, sem kemur úr meðhöndlun fyrir endurvinnslu eða aðra endurnýtingu heimilis- og rekstrarúrgangs, s.s. flokkun eða vélrænni-lífrænni meðhöndlun, sem er síðan urðaður tekinn með í þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem er tilgreint að hafi verið urðaður,

c) skal þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs, sem er fargað með brennslu, og þyngd úrgangs, sem fellur til við stöðgun lífbrjótanlegs hluta heimilis- og rekstrarúrgangsins í því skyni að urða hann síðar, tilgreind sem urðuð,

d) skal þyngd úrgangs sem fellur til við endurvinnslu eða aðra endurnýtingu heimilis- og rekstrarúrgangs, sem er síðar urðaður, ekki tekinn með í þyngd heimilis- og rekstrarúrgangs sem er tilgreindur sem urðaður.

2. Aðildarríki skulu koma á fót skilvirku gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir heimilis- og rekstrarúrgang sem er urðaður til að tryggja að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, séu uppfyllt. Þeim er heimilt að nota kerfið, sem komið er á fót í samræmi við 3. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2008/98/EB, í þessu skyni.

3. Ef heimilis- og rekstrarúrgangur er sendur til annars aðildarríkis eða fluttur út frá Sambandinu til urðunar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 (\*), skal aðildarríkið, þar sem úrganginum var safnað, taka hann með í því magni úrgangs sem er urðað, í samræmi við 1. mgr.

4. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykka framkvæmdargerðir, eigi síðar en 31. mars 2019, þar sem komið er á reglum um útreikning og sannpröfun gagna og skýrslugjöf um þau. Samþykking skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

5. gr. b

#### **Snemmvíðvörðunarskýrsla**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Umhverfisstofnun Evrópu, taka saman skýrslu um þann árangur sem náðst hefur í átt til þess að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í 5. og 6. mgr. 5. gr. eigi síðar en þremur árum áður en hver frestur fyrir sig, sem þar er mælt fyrir um, rennur út.

2. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda eftirfarandi:

- a) mat á árangri hvers aðildarríkis við að ná markmiðunum,
- b) skrá yfir aðildarríki, sem hætta er á að nái ekki markmiðunum innan tilskilins frests, ásamt viðeigandi tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkja,
- c) dæmi um bestu starfsvenjur sem eru notaðar í öllu Sambandinu sem gætu veitt leiðsögn til framfara í átt til þess að ná markmiðunum.

5. gr. c

#### **Skipti á upplýsingum ásamt bestu starfsvenjum**

Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja regluleg skipti á upplýsingum og bestu starfsvenjum milli aðildarríkjanna, þ.m.t., eftir því sem við á, við svæðis- og staðaryfirvöld, um framkvæmd krafanna í þessari tilskipun í reynd.

---

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjttíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).“

6) Eftirfarandi málslið er bætt við í a-lið 6. gr.:

„Aðildarríki skulu tryggja að ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við þennan lið tefli því ekki í tvísýnu að ná markmiðunum í tilskipun 2008/98/EB, þ.e.a.s. um úrgangsmetakerfið og um aukinn undirbúning til endurnotkunar og endurvinnslu eins og sett er fram í 11. gr. þeirrar tilskipunar.“

7) Í 2. mgr. 11. gr. fellur önnur undirgrein brott.

8) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.“

#### **Skýrslugjöf**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögn sem varða framkvæmd 2., 5. og 6. mgr. 5. gr.

Þau skulu gefa skýrslu um gögnin rafrænt innan 18 mánaða frá lokum skýrslugjafarársins sem gögnunum er safnað fyrir. Gefa skal skýrslu um gögnin á sniðinu sem framkvæmdastjórnin ákvarðar í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar.

Fyrsta skýrslutímabilið um framkvæmd 5. og 6. mgr. 5. gr. skal hefjast á fyrsta heila almanaksárinu eftir að framkvæmdargerðin, þar sem sniðið fyrir skýrslugjöfina er ákvarðað, er samþykkt, í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar, og það skal taka til gagna fyrir viðkomandi skýrslutímabil.

2. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um gögn sem varða framkvæmd 2. mgr. 5. gr. fram til 1. janúar 2025.

3. Gögnum úr skýrslugjöf aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein skal fylgja skýrsla um gæðaeftirlit.

4. Framkvæmdastjórnin skal fara yfir gögnin úr skýrslugjöfnum í samræmi við þessa grein og birta skýrslu um niðurstöðurnar úr yfirferð sinni. Í skýrslunni skal meta skipulagningu gagnaöflunarinnar, uppruna gagnanna og aðferðafræðina sem er notuð í aðildarríkjunum sem og heilleika, áreiðanleika og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Matið má innihalda sérstök tilmæli um úrbætur. Skýrslan skal tekin saman eftir fyrstu skýrslugjöf aðildarríkjanna um gögnin og á fjögurra ára fresti eftir það.

5. Eigi síðar en 31. mars 2019 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um snið til að gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.“

9) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„15. gr. a

#### **Stjórn tæki til að stuðla að skiptum yfir í meira hringlaga hagkerfi**

Til að stuðla að markmiðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin nýta sér efnahagsleg stjórn tæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins. Slík stjórn tæki og ráðstafanir geta tekið til þeirra sem eru tilgreind í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB eða annarra viðeigandi stjórn tækja og ráðstafana.

15. gr. b

#### **Ákvörðun á gegndræpistuðli fyrir urðunarstaði**

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um aðferð til að nota við að ákvarða gegndræpistuðul fyrir urðunarstaði, á staðnum og á öllu svæðinu sem staðurinn nær yfir. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

15. gr. c

#### **Staðall Sambandsins fyrir sýnatöku úr úrgangi**

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að þróa staðal fyrir sýnatöku úr úrgangi. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. Aðildarríkjum er heimilt að beita landsbundnum stöðlum og málsmeðferðarreglum þar til búið er að samþykkja þessar framkvæmdargerðir.“

10) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

#### **Endurskoðun viðaukana**

Framkvæmdastjórnin skal hafa viðaukana í endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.“

11) Í stað 17. gr. kemur eftirfarandi:

„17. gr.

#### **Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (\*).

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(\*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

- 12) Í I. viðauka fellur liður 3.5 brott.
- 13) Í II. viðauka fellur 5. liður brott.
- 14) Í 2. lið III. viðauka fellur fyrsta undirgrein brott.
- 15) IV. viðauka er bætt við, eins og hann er settur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í tilskipun þessa eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þær hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. PAVLOVA

*forseti.*



## VIÐAUKI

Eftirfarandi viðauka er bætt við:

## „IV. VIÐAUKI

## FRAMKVÆMDAÁÆTLUN SEM LEGGJA SKAL FRAM SKV. 6. MGR. 5. GR.

Framkvæmdaáætlunin sem leggja skal fram skv. 6. mgr. 5. gr. skal innihalda eftirfarandi:

1. mat á fyrri, núverandi og áætluðum hlutföllum endurvinnslu, urðunar og annarrar meðhöndlunar á heimilis- og rekstrarúrgangi og straumum sem hann er samsettur úr,
2. mat á framkvæmd úrgangsstjórnunaráætlana og áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem eru fyrir hendi skv. 28. og 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
3. ástæður fyrir því hvers vegna aðildarríkið telur að það sé e.t.v. ekki fært um að ná viðkomandi markmiði, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr., innan þess frests sem þar kemur fram og mat á framlengingu á tíma sem er nauðsynleg til að ná því markmiði,
4. ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 8. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, sem eiga við um aðildarríkið meðan framlenging á tíma stendur yfir, þ.m.t. viðeigandi efnahagsleg stjórnæki, og aðrar ráðstafanir til að hvetja til beitingar úrgangsmetakerfisins, eins og sett er fram í 1. mgr. 4. gr. og í IV. viðauka a við tilskipun 2008/98/EB,
5. tímaáætlun fyrir framkvæmd ráðstafananna sem eru tilgreindar í 4. lið, ákvörðun á þeim aðila sem er til þess bær að innleiða þær og mat á framlagi hvernar um sig til að ná viðeigandi markmiðum, ef um er að ræða framlengingu á tíma,
6. upplýsingar um fjármögnun úrgangsstjórnunar í samræmi við mengunarbótaregluna,
7. ráðstafanir til að bæta gæði gagna, eins og við á, með það fyrir augum að skipuleggja betur og vakta frammistöðu við úrgangsstjórnun.“